



Drög að tímasettri aðgerðaáætlun um trjáfellingar í Öskjuhlíð í þágu flugöryggis

Umhverfis- og skipulagssvið

Mars 2025



Reykjavík



Efnisyfirlit

Inngangur og forsaga	2-4
Kröfur Isavia og Samgöngustofu	5-6
Lagaleg sjónarmið	7
Viðbrögð Reykjavíkurborgar	8
Samráð við viðeigandi stofnanir	9
Trjáfellingar í Öskjuhlíð	10
Tillaga að tímasettri aðgerðaráætlun	10-11

Inngangur



Vísað er til erindis Samgöngustofu dags. 17. janúar 2025, undir yfirskriftinni: *Tilmæli Samgöngustofu vegna hindrana sem brjóta í bága við Skipulagsreglur Reykjavíkurlflugvallar*. Í erindinu er þess óskað að Reykjavíkurborg staðfesti við Samgöngustofu eigi síðar en 17. febrúar 2025 að hún hyggist grípa til „viðeigandi ráðstafana“ og svo að borgin skili inn tímasettri aðgerðaáætlun um þær ráðstafanir eigi síðar en 21. mars 2025.

Forsaga

Samtal um trjáfellingar í Öskjuhlíð á sér nokkra sögu. Erindisrekstur Isavia og samskipti vegna trjáfellinga í Öskjuhlíð nær aftur til ársins 2011, sjá eftirfarandi tímalínu:

- 20. sept. 2011 kom erindi frá Isavia ohf. (nú Isavia innanlandsflugvellir ehf., hér eftir bæði nefnd Isavia) um flugöryggi en beiðni um trjáfellingu í Öskjuhlíð var svo hafnað í umhverfis- og samgönguráði 15. des. 2011.
- 19. apríl 2013 var gert samkomulag þáverandi borgarstjóra og þáverandi innanríkisráðherra um ýmis atriði er tengjast flugvellingum og m.a. að séð yrði til þess að tré sköguðu ekki upp í hindranafleti.
- 25. okt. 2013 var gert samkomulag ríkis, Icelandair Group og Reykjavíkurborgar um að skoða fleiri kosti fyrir flugvöll. Samkomulaginu fylgdu ýmis önnur mál s.s. að loka NA/SV braut (stuttu brautinni) en einnig að nauðsynlegur fjöldi trjáa yrði felldur í þágu flugstarfseminnar, þó þannig að ekki yrði fellt meira en væri nauðsynlegt.
- 22. feb. 2016 barst aftur erindi frá Isavia varðandi trén í Öskjuhlíð og einnig varðandi tré í Hljómskálagarði. Þann 20. apríl 2016 kom svo erindi frá Samgöngustofu sama efnis.
- Í svari borgarinnar til Isavia 1. mars 2016 er vísað til þess að í gangi væri dómsmál um gildi samkomulagsins frá 2013. Þar sem trjáfellingar væru einn liður í því samkomulagi væri eðlilegt að biðja niðurstöðu dóms Hæstaréttar sem svo féll 9. júní 2016.
- Um haustið 2016 hófst undirbúningur að trjáfellingum með Isavia sem síðan fór fram í janúar 2017. Felld voru liðlega 150 tré. Starfsmenn borgarinnar merktu trén og sinntu eftirlitshlutverki en Isavia sá um útboð og greiddi verktaka.
- Árin á eftir voru regluleg samskipti við Isavia og voru felld tré árin 2019 og 2020 í samræmi við óskir Isavia þar um.
- 2. nóv. 2021 var fundur fulltrúa umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur (USK) og Isavia þar sem kynnt var ósk um fellingu trjáa í umtalsvert meira mæli en verið hafði undanfarin ár. Fulltrúar USK töldu að ósk um trjáfellingu af slíkri stærðargráðu þyrfti að koma inn sem formlegt erindi til borgarinnar og leiðbeindu Isavia um það.



- 3. apríl 2022 mælir Svarmi hæða trjáanna í Öskjuhlíð að beiðni Isavia.
- 6. júlí 2023 kemur erindi frá Isavia sem krefst þess að borgin felli annað hvort 2900 tré eða 1200 tré (allt sem skagi upp í VSS). Í bréfinu kemur fram að um sé að ræða tvo hindrunarfleti, þ.e. OCS og VSS. OCS sé ófrávikjanlegur en VSS sé þannig að skagi hindrun upp í flötinn megi leggja mat á hana um hvort hún megi vera áfram með skilyrðum eða hvort hana þurfi að fjarlægja.
- 27. maí 2024 fær Reykjavíkurborg erindi frá Samgöngustofu sem fer fram á að borgin geri eins og Isavia hafi krafist, að öðrum kosti muni stofnunin láta fjarlægja hindranir (tré) á kostnað borgarinnar.
- 2. september 2024 sendir Isavia minnisblað til Samgöngustofu þar sem Isavia leggur til lokun flugbrautar 13/31. Reykjavíkurborg var ekki upplýst um minnisblaðið fyrr en fjórum mánuðum síðar, eða í upphafi árs 2025.
- 2-6. september 2024 lætur Reykjavíkurborg fella ca 40 tré, nánar tiltekið þau tré sem samkvæmt mælingum Svarma fyrir Isavia 2022 sköguðu upp í OCS-flötinn.
- 14. okt. 2024 er erindi Samgöngustofu svarað og bent á að stofnunin virðist hafa tekið þýngjandi stjórnvaldsákvörðun án þess að hafa lagt sjálfstætt faglegt mat á kröfur Isavia eða veitt borginni rétt til andmæla og hafi þannig brugðist bæði rannsóknarskyldu sinni í málinu og öðrum málsmeðferðarreglum stjórnvíslyréttarins, auk þess sem hafi skort skýra lagaheimild fyrir umræddri ákvörðun stofnunarinnar. Því var farið fram á að Samgöngustofa afturkallaði ákvörðun sína.
- 15. nóv. 2024 svarar Samgöngustofa og hafnar því að hafa tekið þýngjandi stjórnvaldsákvörðun en segist muni hinkra með frekari aðgerðir þar til nýjar hæðarmælingar liggi fyrir sem von væri á fljótlega.
- 4. desember 2024 eru kynntar fyrir Reykjavíkurborg niðurstöður mælinga sem Svarmi vann fyrir Isavia fyrir um haustið. Samkvæmt þeim sköguðu rúmlega 1400 tré upp í VSS-flöt. Reykjavíkurborg gefinn frestur til að bregðast við.
- 6. janúar 2025 lýsti borgin á fund með Samgöngustofu og Isavia vilja sínum til að halda OCS fleti hreinum og hægt væri að ganga í það verk fljótt og vel, auk þess sem óskað var eftir því að gert yrði öryggismat þar sem metið yrði hvort og þá að hvaða marki nauðsynlegt væri að halda VSS fleti hreinum. Samgöngustofa lýsti yfir á þeim fundi að stofnunin hefði tekið ákvörðun um að loka austurhluta flugbrautar 13/31 þar til VSS flötur hefði verið hreinsaður. Einnig var því lýst yfir á fundinum að ekki væri ástæða til að fara í öryggismat vegna VSS þar sem stofnunin myndi ekki leyfa hindranir sem væru tré. Engin skrifleg rök voru færð fyrir þessari afstöðu eða upplýst um á hvaða lagaheimildum hún byggði.
- 10. janúar 2025 fær Reykjavíkurborg afrit af tölvupósti Samgöngustofu sem sendur var Isavia og fyrirmæli gefin um að slökkva á PAPI-ljósum og undirbúa lokun flugbrautar



13/31. Í viðhengi var einnig minnisblað Isavia til Samgöngustofu, dags. 2. september 2024, þar sem Isavia leggur til lokun brautarinnar, en Reykjavíkurborg hafði ekki verið upplýst um það minnisblað fyrr en þá.

- 9. janúar 2025 sendi borgarstjóri bréf til Samgöngustofu þar sem ítrekaður var vilji borgarinnar til að hlutast til um fellingu trjáa svo tryggja nætti flugöryggi samhliða því sem gætt yrði að hagsmunum borgargarðsins í Öskjuhlíð. Jafnframt var þess óskað að Samgöngustofa tæki skýra stjórnvaldsákvörðun og sendi borginni erindi þar um, hygðist hún halda ýtrustu kröfum til streitu. Í slíku erindi yrði að koma skýrt fram hvaða kröfur væru gerðar og á hvaða lagagrunni, auk þess sem gæta yrði að málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga.
- 13. janúar 2025. Fundur Reykjavíkurborgar með Samgöngustofu og Isavia þar sem ítrekaður var vilji borgarinnar til þess vinna málið saman en þannig að virtir yrðu hagsmunir beggja aðila. Ekki væri hægt að gera kröfu til að 5 hektarar af skógi yrði felldir á einu bretti án tafar því slík framkvæmd væri ólöglegt, auk þess að hafa slæm áhrif á útivistarskóginn í Öskjuhlíð. Meðal annars þyrfti að tilkynna slíka framkvæmd til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats, gefa út framkvæmdaleyfi og afla umsagna viðeigandi aðila áður en ákvörðun um slíkt yrði tekin. Betra væri að nálgast verkefnið sem viðhald og endurnýjun skógarins í Öskjuhlíð til lengri tíma. Fundi lauk með því að Samgöngustofa og Isavia ætluðu að ræða málin sín á milli.
- 17. janúar 2025 sendi Samgöngustofa borgarstjóra svarbréf í formi tilmæla þar sem fram kemur að stofnunin gæti fallist á að framfylgni skipulagsreglna flugvallarins yrði í formi tímasettrar aðgerðaáætlunar sem vinna skyldi í samráði við rekstraraðila flugvallarins. Sérstaklega er til tekið að heimilt sé sem mildunarráðstöfun að miða við sk. VSS flöt. Farið er fram á að slík aðgerðaáætlun verði tilbúin fyrir 21. mars nk. en svar um að tilmælum verði hlýtt komi eigi síðar en 17. febrúar.
- 23. janúar 2025 hélt Reykjavíkurborg fund ásamt fulltrúum Isavia og Samgöngustofu til að hefja samtal á grundvelli framangreindra tilmæla.
- 17. febrúar 2025 svaraði Reykjavíkurborg Samgöngustofu í samræmi við tilmæli og upplýsti að þegar hefði verið brugðist við og stefnt væri að því að skila inn tímasettri aðgerðaáætlun innan þess frests sem gefinn hefði verið.
- 21. mars 2025 rennur út sá frestur sem Samgöngustofa gaf til að skila inn tímasettri aðgerðaáætlun samkvæmt framangreindum tilmælum.

Kröfur Isavia og Samgöngustofu



Samskipti vegna trjáfellinga í Öskjuhlíð og Hljómskálagarði eiga sér nokkra sögu eins og rakið er hér að framan. Upphaflega kom erindi frá Isavia 2011 og fjallað er um málið eftir það í tveimur samkomulögum milli ríkis og borgar frá 2013. Það leiddi svo til þess að Isavia í samráði við Reykjavíkurborg lét fella 155 tré í Öskjuhlíð árið 2017. Árin þar á eftir var óformlegt samkomulag milli Isavia og borgarinnar um að fella þau tré sem Isavia óskaði eftir. Þetta voru ca. 5-25 tré sem samkvæmt minnisblöðum Isavia sköguðu upp í sk. OCS hindranafli. Árið 2021 óskar Isavia eftir fundi með sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og er sá fundur haldinn 2. nóvember það ár. Þar kemur fram að Isavia telur að fella þurfi mun fleiri tré en áður var gert og er Isavia þá leiðbeint um að beiðni að slíku umfangi þurfi að koma með formlegum hætti til borgarinnar, þ.e. beiðnin sé of umfangsmikil til að unnt sé að leysa úr henni með óformlegum hætti eins verið hafði.

Tæpum tveimur árum seinna, í júlí 2023, berst erindi frá Isavia til borgarstjóra þar sem vísað er til Lidar mælinga sem Isavia lét gera í mars 2022. Einnig er fjallað um tvenns konar hindranafleti, OCS og VSS, (en VSS er stærri að flatarmáli en OCS og er aðeins lægri) og segir eftirfarandi um fletina í erindinu:

„• **VSS-flötur** (*Visual Segment Surface*) – 1.12° undir aðflugshorni flugbrautar byrjar 60m fyrir framan flugbrautarþröskuld út frá öryggissvæði flugbrautar og gleikkar um 15% til hvorrar handar.

VSS-flötur skal vera hindranalaus. Fari hindrun þó upp úr VSS-fleti er hægt að meta áhrif hennar á öryggi, þ.e. hverja og eina hindrun. Niðurstaða úr slíku mati getur verið að lækka þurfi hindranir eða fjarlægja þær alfarið.

• **OCS-flötur** (*Obstacle Clearance Surface*) - er þrengri en VSS-flötur og með lítið eitt hærra horni. Engin hindrun má fara upp úr OCS-fletinum.“

Þá kemur einnig fram í erindinu að tveir möguleikar séu í stöðunni að mati Isavia:

„1. Að landeigandi bregðist við hættunni í eitt skipti fyrir öll og fellir öll tré innan þessara tveggja geira aðflugsflatarins (OCS og VSS) – u.þ.b. 2900 tré.

2. Öll tré sem skera VSS-flöt eru felld (u.þ.b. 800 tré) ásamt öllum trjám sem eiga minna en 3m upp í VSS-flöt (u.þ.b. 400 tré) – samtals 1200 tré. Isavia Innanlandflugvellir eiga GPS-hnit af öllum þessum trjám“



Samgöngustofa sendi Reykjavíkurborg formlegt erindi í maí 2024 þar sem vísað er til erindis Isavia og farið fram á að Reykjavíkurborg bregðist við því, að öðrum kosti muni Samgöngustofa beita valdheimildum sínum og láta fjarlægja tré á kostnað borgarinnar. Í kjölfar funda og bréfaskrifta milli Reykjavíkurborgar og Samgöngustofu sendi stofnunin erindi til Reykjavíkurborgar, dags. 17. janúar 2025. Þar er þeim tilmælum beint til Reykjavíkurborgar að borgin bregðist við og skili tímasettri aðgerðaráætlun um trjáfellingar eigi síðar en 21. mars 2025. Vísað er til skipulagsreglna Reykjavíkurflugvallar frá 2009 og kallað eftir að þeim verði framfylgt, en upplýst að sem mildunarráðstöfun geti borgin óskað eftir að miðað verði við aðra fleti svo sem VSS flöt. Samkvæmt mælingum sem gerðar voru í október 2024 sköguðu 1412 tré upp í VSS flötinn.



Lagaleg sjónarmið

Það hefur legið fyrir um allnokkurt skeið að stefna Reykjavíkurborgar er að Reykjavíkurflugvöllur fari úr Vatnsmýri og innanlandsflugi verði fundinn annar staður. Um þetta hafa Reykjavíkurborg og íslenska ríkið gert samkomulög eins og m.a. er rakið í tímalínu hér að framan. Í tveimur samkomulögum frá 2013 skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að tryggja rekstraröryggi á Reykjavíkurflugvelli á meðan starfseminni hefur ekki verið fundinn annar staður. Í þeim tilgangi hefur Reykjavíkurborg nú fellt tré í Öskjuhlíð og leggur fram þessa aðgerðaaáætlun.

Samkvæmt lögum um loftferðir nr. 80/2022 skal rekstraraðili flugvallar vakta umhverfi hans og gera viðvart eftir því sem við á. Eins og lýst er í forsögukaflanum hér að framan var þessi háttur einnig hafður á árin eftir að Isavia lét í samráði við Reykjavíkurborg fella 155 tré árið 2017. Þannig sendi Isavia borginni minnisblöð og óskaði eftir því að þau tré sem féllu innan sk. OCS flatar yrðu felld og var við því orðið. Krafa um umfangsmeiri trjáfellingar kom svo fram á fundi í nóvember 2021 og með formlegum hætti í júlí 2023 án þess að skýrt væri hvað hefði breyst í millitíðinni.

Fram hefur komið í samskiptum við Samgöngustofu, þegar kallað var eftir skýringum á því hvers vegna þessi gríðarlega breyting á umfangi krafna Isavia um trjáfellingar varð sbr. erindi frá 2023, að Samgöngustofa (og að því virðist einnig Isavia) hafi sofnað á verðinum, ekki verið nægjanlega meðvituð um þær kröfur sem ríktu og þá öryggisógn sem mögulega stafaði af trjánnum í Öskjuhlíð, auk þess sem mælingar hafi ekki verið nægilega nákvæmar. Þetta leiddi til þess að til varð uppsafnaður vandi sem er bæði tímafrekt, kostnaðarsamt og flókið að leysa úr. Reykjavíkurborg hefur ekki forsendur til að draga þessar skýringar Samgöngustofu í efa, en telur þó að betra hefði verið ef skýringarnar hefðu komið fram fyrr, en ekki bara þegar eftir þeim var ítrekað kallað, enda hefði það líklega verið til þess fallið að skýra málið og flýta fyrir úrlausn þess. Þó svo mistök geti alltaf orðið, þá verður að gera alvarlegar athugasemdir við þá afstöðu Samgöngustofu að ábyrgð og kostnaður við að bæta úr þeim vanda sem skapaðist vegna þessara mistaka stofnunarinnar eigi alfarið að falla á Reykjavíkurborg. Með vísan til framangreinds áskilur Reykjavíkurborg sér allan rétt til að láta reyna á réttmæti þessarar afstöðu Samgöngustofu síðar og atriði henni tengd.



Viðbrögð Reykjavíkurborgar

Í svari Reykjavíkurborgar til Samgöngustofu, dags. 17. febrúar sl., kemur fram að með fyrirvara um að ekki sé fyllilega ljóst hvað Samgöngustofa telji „viðeigandi ráðstafanir“ og að ekki hafi verið útkljáð með skýrum hætti hvaða skyldur hvíli á Reykjavíkurborg hvað þetta atriði varðar, þá sé það vilji Reykjavíkurborgar að láta á það reyna á grundvelli framangreindra fyrirmæla hvort ná megi sameiginlegri niðurstöðu aðila um aðgerðir sem fela í sér trjáfellingu í Öskjuhlíð, viðhald svæðisins og endurnýjun í þágu flugöryggis. Í þeim tilgangi hafi Reykjavíkurborg átt fundi og samtöl við Isavia, Samgöngustofu og fleiri opinberar stofnanir sem geti haft með svæðið að gera. Þá hafi borgin hafið trjáfellingu í Öskjuhlíð. Reykjavíkurborg hafi kallað eftir því við Isavia að fá skýrar upplýsingar um forgang við fellingu trjáa svo aflétta mætti lokun flugbrautar 13/31. Föstudaginn 14. febrúar 2025 hafi Reykjavíkurborg fengið sent minnisblað frá Isavia um mat á aðferðafræði við trjáfellingu í Öskjuhlíð. Í minnisblaðinu sé lagður til ákveðinn forgangur við fellingu trjáa með það að markmiði að opna megi brautina sem fyrst. Samkvæmt því sé í fyrsta forgangi að fella tæplega 490 tré á ákveðnu svæði. Þegar það hafi verið gert leggi Isavia til að opna fyrir notkun brautarinnar í sjónflugi og að PAPI-ljós verði tekin í notkun á ný að undangengnu áhættumati. Ákvörðun um opnun sé svo í höndum Samgöngustofu.

Þrátt fyrir að Reykjavíkurborg hafi frá þeim tíma felld öll þau tré sem er að finna innan fyrsta forgangssvæðis samkvæmt framangreindu minnisblaði lagði Isavia ekki fram tillögu um að brautin yrði opnuð og PAPI-ljós tekin aftur í notkun að undangengu áhættumati, eins og Isavia hafði lýst yfir í minnisblaðinu að félagið myndi gera l, heldur gerði Isavia einungis áhættumat út frá sjúkraflugi og lagði svo til við Samgöngustofu að það flug yrði heimilað að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Samgöngustofa féllst á þá tillögu Isavia og var flugbrautin opnuð fyrir sjúkraflug þann 27. febrúar sl. Takmarkanir eru enn í gildi á flugbrautinni gagnvart áætlunarflugi og almennu flugi, ásamt æfinga- og kennsluflugi.

Í ljósi þess að fram kom á fundi 3. mars að Samgöngustofa hygðist ekki aflétta takmörkunum af flugbrautinni fyrr en öll tré innan VSS flatar hefðu verið felld, hefur Reykjavíkurborg haft til skoðunar hvort flýta megi því verkefni að ljúka fellingum þeim fjölda trjáa sem upp á vantar og hreinsun svæðisins.



Samráð við viðeigandi stofnanir

Öskjuhlíð er skilgreind sem opið svæði (OP2) og borgargarður í Aðalskipulagi Reykjavíkur og fellur svæðið jafnframt undir hverfisvernd. Reykjavíkurborg hefur því lagt áherslu á að samhliða fellingu trjáa yrði að endurhanna svæðið þannig að gæði þess sem útivistarskógur fyrir Reykvíkinga yrðu tryggð. Að öðrum kosti yrði væntanlega að breyta bæði aðalskipulagi Reykjavíkur og deiliskipulagi fyrir svæðið sem er bæði tímafrekt ferli og s ekki í samræmi við hagsmuni borgarbúa.

Öskjuhlíð er á C-lista náttúruminjaskrár. Hún er skilgreind sem „aðrar náttúruminjar“ en um svæði á náttúruminjaskrá segir eftirfarandi í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd:

*Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað.]
1) Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar.*

Þá eru í Öskjuhlíð friðaðar fornminjar sem eru undir yfirumsjón Minjastofnunar auk þess sem leita þarf umsagnar Lands og skógar áður en gefið yrði út framkvæmdaleyfi, sbr. lög nr. 33/2019 um skóga og skógrækt.

Til að tryggja að trjáfelling gæti farið fram í samræmi við framangreind lög og reglur, en einnig í því skyni að draga úr hættu á ágreiningi eftir á, áttu fulltrúar Reykjavíkurborgar í janúar og febrúar sl. fundi og samtali við Skipulagsstofnun, Náttúruverndarstofnun (sem hefur tekið við hlutverki Umhverfisstofnunar vegna svæða á náttúruminjaskrá), Náttúrufræðistofnun, Land og skóg og Minjastofnun, auk þess sem aflað var framkvæmdaleyfis og afnotaleyfis fyrir framkvæmdina. Framangreindar stofnanir settu sig ekki gegn trjáfellingunni en settu fram leiðbeiningar og tilmæli varðandi hana. Skipulagsstofnun lagði áherslu á að svo lengi sem svæðið væri skógur samkvæmt skilgreiningu laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 væri trjáfellingin ekki mats- eða tilkynningarskyld samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Náttúruverndarstofnun og Náttúrufræðistofnun vöktu báðar athygli á því að í Öskjuhlíð eru mikilvægar náttúruminjar, nánar til tekið minjar um hæstu þekktu sjávarstöðu frá Ísaldarlokum. Þessar stofnanir lögðu áherslu á að framkvæmd fellingar trjáa og hreinsun þeirra yrði með þeim hætti að náttúruminjum yrði ekki spillt eða þeim raskað. Land og skógur lagðist ekki gegn trjáfellingunni á þeim forsendum að þarna yrði skógi áfram leyft að vaxa þrátt fyrir grisjun.



Trjáfellingar í Öskjuhlíð 2024-2025

Reykjavíkurborg lét í september 2024 fella um 40 tré, eða nánar til tekið þau tré sem sköguðu upp í OCS-flötinn skv. fyrri mælingu Svarma fyrir Isavia. Í kjölfar tilmæla Samgöngustofu var á ný hafist handa við fellinguna trjáa í Öskjuhlíð. Fyrst voru felld um 150 tré, annars vegar um 50 hæstu trén á svæði OCS-flatarins og hins vegar um 100 tré sem stóðu hæst í hlíðinni á svæði VSS-flatarins. Eftir að minnisblað Isavia um forgang fellingar trjáa barst Reykjavíkurborg 14. febrúar 2025 var gengið í að fella þau tré á fyrsta forgangssvæði sem enn voru ófelld, en þeirri fellingunni lauk 22. febrúar sl. og hafa þá alls verið felld um 730 tré í Öskjuhlíð frá síðasta vaxtarskeiði skógarins sl. sumar. Aðstæður hvað varðar aðflugið á flugbraut 13/31 eru því orðnar betri en þær hafa verið í fjölda ára, jafnvel áratugi.

Tillaga að tímasettri aðgerðaáætlun

Í samræmi við það sem hefur verið rakið hér að framan og tilmæli Samgöngustofu dags. 17. janúar sl. er hér sett fram aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar um trjáfellingar í Öskjuhlíð í þágu flugöryggis sem gengur út á að sk. OCS og VSS-flötum yfir Öskjuhlíð verði haldið hreinum, þ.e. engin tré skagi upp í þá. Er sú nálgun í samræmi við framangreind tilmæli Samgöngustofu sem tiltaka sérstaklega að tillaga að aðgerðaáætlun geti byggt á slíkri mildunarráðstöfun. Reykjavíkurborg lítur svo á að með aðgerðaáætlun þessari séu tilmæli Samgöngustofu uppfyllt og lokið því máli sem hófst með erindi Isavia í júlí 2023.

Forsendur eftirfarandi aðgerðaáætlunar eru mælingar Svarma frá 4. október 2024 nema annað sé tekið fram. Bæði hvað varðar hæð trjáanna við þá mælingu, en einnig að árlegur meðalvöxtur trjáanna er um 30 cm miðað við þrjú vaxtartímabil, milli 3. apríl 2022 og 4. okt. 2024. Þar sem meðalvöxtur er meðaltal og einstök tré geta vaxið hraðar verður til öryggis miðað við 50 cm vöxt á ári. Þegar rekstraraðili flugvallarins lætur mæla næst má svo uppfæra gögn og lista eftir þörfum.

Aðgerðaáætlunin tekur til heildarverkefnisins, það er fellingar þeirra trjáa sem nú skaga upp í VSS-flöt eða eru allt að 50 cm undir fletinum, hreinsun trjábola og greina út úr skóginum og þeim komið í farveg, endurhönnun svæðisins svo tryggja megi gæði útivistarskógarins þrátt fyrir trjáfellinguna og loks viðhalds þess að halda VSS-fletinum hreinum.



Aðgerðaáætlunin er eftirfarandi og skiptist í fimm áfanga:

	Verkbáttur	Verktími
Fyrsti áfangi	Öll tré innan OCS flatar og 1. forgangssvæðis auk fleiri trjáa felld – 730 tré alls.	Lokið: 22.2.25
Annar áfangi	Öll þau tré sem enn skaga upp í VSS-flöt eða sem eiga 50 cm eða minna í að ná upp í flötinn samkvæmt mælingu Svarma 4. október 2024 felld. Gengið hefur verið frá samningi við verktaka sem mun vinna verkið undir stjórn og í samstarfi við Reykjavíkurborg. Forsenda þess að þessi tímaáætlun gangi upp er að vél sem verktaki leggur til verksins til að fella tré og draga boli út úr skóginum nýtist eins og vonir standa til. Bolir þeirra trjáa sem felld voru í fyrsta áfanga auk þeirra bola sem falla til við annan áfanga verða hreinsaðir út úr skóginum og komið í burtu af svæðinu.	10.3.25 til 15.4.25
Þriðji áfangi	Hreinsa þarf allar greinar sem fallið hafa til út úr skóginum, kurla og koma í farveg. Þetta eru um 3500 rúmmetrar eftir fyrsta áfanga og væntanlega um 6-7000 rúmmetrar eftir annan og þriðja áfanga.	Hefst í apríl 2025
Fjórði áfangi	Samhliða fyrstu þremur áföngum verksins verður svæðið endurhannað með það fyrir augum að tryggja gæði útivistarskógarins í Öskjuhlíð. Gefa þarf svæðinu tíma til að jafna sig, sjá hvað vex upp af fyrirliggjandi gróðri og fara í nýplöntun. Skipuleggja þarf þau rjóður sem myndast, gera áfangastaði og dvalarsvæði svo svæðið haldi gildi sínu sem eitt vinsælasta útivistarsvæði borgarbúa.	2025 til 2026
Fimmti áfangi	Viðhald þess að VSS-flötur haldist hreinn. Felld verði árlega 50-60 tré að jafnaði árin 2026-2032 (spá byggð á mælingum Svarma) en samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2040 er gert ráð fyrir flugvellinum í Vatnsmýri til 2032. Ef felld verða fleiri tré eitt árið má fella því sem nemur færri tré árið eftir, eða t.d. fella tré fyrir tvö ár í einu og þá einungis annað hvert ár, svo lengi sem tryggt er að felld séu þau tré sem gætu skagað upp í VSS-flötinn hverju sinni. Ef rekstraraðili gerir mælingar á svæðinu á þessu tímabili skal hann upplýsa Reykjavíkurborg um það og verður aðgerðaáætlun uppfærð samkvæmt því ef tilefni er til.	2026 til 2032

